

AUGLÝSING

um deiliskipulag, íþróttasvæði á Torfnesi, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. september 2011 var samþykkt deiliskipulag íþróttasvæðisins á Torfnesi, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir áhorfendastúku sem rúmar allt að 1.000 manns í sæti. Heimilt er að hluti stúkunnar sé yfirbyggður. Hæsta brún þaks skal ekki vera hærri en 9,4 m yfir jarðhæð og ekki yfir götuhæð Seljalandsvegur ofan byggingarreits. Heimilt er að nýta rými undir sætispöllum fyrir starfsemi tengda íþróttum og æfingum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 20. september 2002.

Ísafirði, 20. september 2011.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2011